

Alþingi
Erindi nr. P 139/1407
komudagur 18. 2. 2011



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2011

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum, þskj. 640 – 403. mál.

BSRB fagnar tillögum um orkuskipti í samgöngum, enda falla þær að áherslum bandalagsins í umhverfismálum. Við orkuskiptin þarf hins vegar að hafa í huga sjálfbæra nýtingu auðlinda, með öflugum stuðningi stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga. BSRB telur mikilvægt að allar auðlindir séu sameign þjóðarinnar og þær beri að nýta í þágu alla. Það á jafnt við um orku til samgangna og upphitunar húsa.

BSRB telur mikilvægt að einstaklingar hugi að endurskoðun á neysluvenjum sínum og verðmætamati og tillagan um orkustefnu í samgöngum fellur að því. Stjórnvöld mega hins vegar ekki einblína um of á einkabílaflotann og huga verður að almenningssamgöngum samhliða orkuskiptum. 42. þing BSRB samþykkti ályktun þess efnis að beina því til ríkis og sveitarfélaga að þau sjái til þess að íbúar hafi aðgang að góðum almenningssamgöngum.

Því stærrí sem hlutur innlendra orkugjafa verður í samskiptum því minna verður efnahagskerfið háð verðsveiflum á mörkuðum ytra og stöðu gengismála hverju sinni.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Helga Jónsdóttir', is written over the typed name.

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri